

Reykjavík, 13. nóvember 2023

## **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum**

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands sendir hér eftirfarandi umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun miðstöðvar um íslenska þjóðtrú á Ströndum:

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði tekur undir tillögu um þjóðtrúarmiðstöðina og staðsetningu hennar. Mikill fjöldi fyrirspurna berst kennurum í þjóðfræði við Háskóla Íslands erlendis frá varðandi þjóðtrú, hefðir og siði Íslendinga. Koma þær ýmist frá nemendum í þessum fræðum, fjölmiðlafólki, starfandi fræðimönnum, listamönnum eða kvikmyndagerðarfólki. Það væri mikill ávinningur ef hægt væri að tryggja að allt þetta fólk fengi viðunandi svör við bréfum sínum með gagnreyndri þekkingu úr ranni þjóðfræðinnar, sem og ábendingar um trausta tengiliði sem hafa ætti samband við hverju sinni. Ætla má að Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar myndi taka sér slíkt hlutverk. Það er til mikils að vinna á sviði þjóðtrúarrannsókna og miðlunar, en ekki síður eru miklir möguleikar fölgirnir í frekari samþættingu fræða, lista, kvikmyndagerðar, safnastarfs og ferðaþjónustu í þágu skapandi greina.

Á Ströndum er starfandi öflugur hópur þjóðfræðinga á Hólmavík hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Rannsóknasetrið hefur haft íslenska þjóðtrú að einu af meginviðfangsefnum sínum um nokkurra ára skeið og unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast rannsóknum og miðlun á þessu sviði. Þar er því mannauður til að styðja við slíka miðstöð og ástæða er til að benda á að líklega væri best að hún væri starfrækt innan vébanda Rannsóknaseturs Háskóla Íslands þannig að tengslanet þeirra og þekking nýtist sem best í þágu verkefnisins.

Með vinsemd og virðingu,



---

Kristinn Schram, dósent í þjóðfræði og formaður námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði  
f.h. námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands